

LANDSSAMBAND ÍSLENZKRA ÚTVEGSMANNA

THE FEDERATION OF ICELANDIC FISHING VESSEL OWNERS.



HAFNARHVOLI VIÐ TRYGGVAGÖTU · P.O. BOX 893 · REYKJAVÍK · TEL. 354 552 9500 · TELEFAX 354 551 6056

Nefndarsvið Alþingis
Þórshamri v/Templarassund
150 Reykjavík.

Alþingi
Erindi nr. P 122/2139
komudagur 5.5.'98

Reykjavík 4.5.1998.


Vísað er til bréfs sjávarútvegsnefndar dags. 4. mars sl. þar sem óskað er umsagnar varðandi eftirtalin frumvörp til laga um:

- Stjórn fiskveiða, 189 mál, handfæraveiðar, veiðiskylda, krókaveiðar ofl.
- Stjórn fiskveiða, 236 mál, brottfall laga.
- Ráðstafanir í sjávarútvegsmálum, 263. mál, breyting ýmissa laga.
- Stjórn fiskveiða, 487. mál.

Samtökin mæla eindregið gegn samþykkt þessara fjögurra frumvarpa, þar sem þau víkja í meginatriðum frá markaðri stefnu um stjórnun fiskveiða, sem stjórnvöld og hagsmunaaðilar hafa mótað á undanförunum árum. Meðal atriða sem ekki geta talist samrýmast ásættanlegri stjórnun fiskveiða og koma fyrir í umræddum frumvörpum er að veiðar séu gefnar frjálssar tímabundið eða heimilað verði að veiða umfram aflamark. Þar með er verið að hverfa frá þeirri grundvallarreglu að ekki skuli veitt umfram ákvæðið heildaraflamark, sem byggir á vísindalegu mati fiskifræðinga.

Í frumvarpi um stjórnun fiskveiða, mál nr. 236 er lagt til að lög um stjórn fiskveiða nr. 36/1990 verði afnumin árið 2002. Slíkt ákvæði mundi enn auka á þá óvissu, sem sjávarútvegurinn býr við umfram aðrar atvinnugreinar og er því eindregið mótmælt.

Virðingarfyllst,
f.h. Landssambands ísl. útvegsmanna


Kristján Ragnarsson